

AUGLÝSING

um umferð á Akureyri.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Akureyrar og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Akureyri.

1. Gránufélagsgötu verður lokað rétt austan Glerárgötu.
2. Lokun Gránufélagsgötu austan Norðurgötu verður felld niður.
3. Tvístefnuakstur verður á Gránufélagsgötu milli Glerárgötu og Norðurgötu, en stöðvunarskylda við Norðurgötu.
4. Einstefnuakstur verður á Gránufélagsgötu til austurs, frá Norðurgötu að Hjaltseyrargötu.
5. Einstefnuakstur verður til suðurs um Grundargötu.

Ákvæði auglýsingar þessarrar taka gildi þegar í stað og falla þá jafnframt úr gildi eldri andstæðar reglur um umferð á Akureyri.

Bæjarfógetinn á Akureyri, 23. febrúar 1983.

Elías I. Elíasson.

15. febrúar 1983

Nr. 81

AUGLÝSING

um breytingu á upphæð bóta samkvæmt bráðabirgðaákvæði laga nr. 25 10. maí 1977 um breytingu á siglingalögum nr. 66/1963.

Hagstofa Íslands hefur samkvæmt síðustu málsgrein 1. gr. laga nr. 25 10. maí 1977 um breytingu á siglingalögum nr. 66/1963 reiknað út breytingu á upphæð bóta samkvæmt 1. gr. 1a og 1. gr. 2b téðra laga, nr. 25 10. maí 1977, svo sem hér segir:

	Fjárhæð dánarbóta skv. lið 1a) í bráðabirgðaákvæðum Kr.	Fjárhæð örorkubóta skv. lið 2b) í bráðabirgðaákvæðum Kr.
Framfærðar fjárhæðir, frá og með breytingum vikukaups:		
1. sept. 1982	192 153	576 460
1. desember 1982	206 987	620 963
1. janúar 1983	211 127	633 382

Samgönguráðuneytið, 15. febrúar 1983.

Steingrímur Hermannsson.

Kristinn Gunnarsson.